

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 289/2023

frá 27. október 2023

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/566 frá 10. mars 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 að því er varðar ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C (2023) 1569 frá 10. mars 2023 um breytingu á framkvæmdarákvörðun C(2015) 8005 að því er varðar tiltekna ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Viðauka XIII. við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66he (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1998):

„– **32023 R 0566**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/566 frá 10. mars 2023 (Stjtið. ESB L 74, 13.3. 2023, bls. 47).“
2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66hf (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 8005):

„– **32023 D 1569**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2023) 1569 frá 10.3.2023.“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 74, 13.3.2023, bls. 47.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2023/566, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. október 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. október 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.